

## Ráðstöfunartekjur heimilageirans 1994–2005

### *Disposable income of the household sector 1994–2005*

#### Samantekt

Hagstofa Íslands birtir nú í fyrsta sinn niðurstöður um ráðstöfunartekjur heimilageirans árin 1994–2005. Heildartekjur heimilageirans eru taldar hafa aukist um 183% á tímabilinu 1994 til 2005. Heildareigna- og tilfærsluútgjöld hafa aukist heldur meira eða um 256%. Ráðstöfunartekjur heimilanna í heild eru taldar hafa aukist um 149%, eða að meðaltali um 9% á ári. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og aukningar mannfjölda jókst kaupmáttur á mann um 56% frá árinu 1994 til 2005 og hækkuðu ráðstöfunartekjur á mann að meðaltali um 4,2% á ári.

Í skýrslunni eru heildarráðstöfunartekjur heimila bornar saman við einkaneyslu heimilanna skv. ráðstöfunaruppgjöri frá árinu 1997 til 2005 og kemur fram að hreinn sparnaður hefur verið neikvæður öll árin.

#### Tekjuskiptingaruppgjör þjóðhagsreikninga

#### Mismunandi uppgjörsaðferðir þjóðhagsreikninga

Uppgjör ráðstöfunartekna heimilanna er einn liður tekjuskiptingaruppgjörs, sem er ein af þremur uppgjörsaðferðum þjóðhagsreikninga. Fram til þessa hafa þjóðhagsreikningar verið færðir með tvennum hætti hér á landi, annars vegar samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri og hins vegar samkvæmt framleiðsluuppgjöri. Ráðstöfunaruppgjörið byggir á því að meta þau verðmæti sem ráðstafað er til endanlegra nota en framleiðsluuppgjörið aftur á móti á því að meta verðmætasköpunina eða virðisaukann þar sem hann verður til.<sup>1</sup>

Tekjuskiptingaruppgjör byggir á því að meta virðisaukann eftir að honum hefur verið útteilt til þeirra geira sem átt hafa þátt í myndun hans. Hagkerfinu er í því skyni skipt upp í sex mismunandi geira en innan hvers geira teljast þeir sem hafa ýmis sameiginleg hagræn einkenni. Auk heimila er hagkerfinu skipt í fyrirtæki, fjármálastofnanir, hið opinbera og velferðarstofnanir (e. non-profit institutions serving households). Loks eru útlönd flokkuð sem sér geiri.

#### Áform Hagstofu og efnistöð

Rítið sem hér birtist er fyrsta útgáfa Hagstofunnar á uppgjöri samkvæmt tekjuskiptingaraðferðinni, en hér er þó einungis tekinn fyrir einn geiri þ.e. heimilin. Síðar á þessu ári er hins vegar stefnt að því að gefa út á vegum Hagstofunnar heilsteypt tekjuskiptingaruppgjör sem mun ná yfir alla geira hagkerfisins, þar sem reynt verður að greina nánar helstu færslur og flæði þeirra á milli.

Í öðrum hluta þessa rits verður í stuttu máli gerð grein fyrir mismun þeirra aðferða sem beitt er við mælingu ráðstöfunartekna heimilanna. Í þriðja og fjórða hluta

<sup>1</sup> Til nánari útskýringar á þessum mismunandi uppgjörsaðferðum sjá kafla 2 í “Þjóðhagsstofnun (1994). Þjóðhagsreikningar 1945–1992. Reykjavík, Þjóðhagsstofnun.”



verður vikið að helstu tekjupóstum heimilanna og eigna- og tilfærsluútgjöldum þeirra og farið yfir eðli þeirra í stuttu máli. Niðurstöður um ráðstöfunartekjur árána 1994–2005 eru kynntar í hluta fimm og í loka hluta ritsins er farið yfir fjármögnun heimila vegna einkaneysluútgjalda. Þá er að finna ítarlegar töflur í lok ritsins.

## Aðferðafræði og gagnaöflun

### Mismunandi skilgreiningar á ráðstöfunartekjum

Ráðstöfunartekjur heimilanna má skilgreina sem samtölu launatekna, eignatekna, tilfærslutekna og reiknaðs rekstrarafgangs en að frádregnum eigna- og tilfærsluútgjöldum. Við mælingar á ráðstöfunartekjum heimilanna er yfirleitt stuðst við tvær megin aðferðir, þ.e. aðferðafræði þjóðhagsreikninga annars vegar og hreina tekjutölfræði hins vegar. Nokkur munur getur komið fram í skilgreiningu og áætlun ýmissa liða eftir því hvorri aðferðinni er beitt. Sérstaklega má þar nefna fjögur atriði. Í fyrsta lagi er gjarna talsverður munur á því hvernig tekjur sjálfstætt starfandi einstaklinga eru metnar samkvæmt þessum aðferðum. Í öðru lagi er sá munur að aðferð þjóðhagsreikninga metur til tekna virði þess að búa í eigin húsnæði í stað leiguhúsnæðis, eða nánar tiltekið brúttó rekstrarafgang af fasteignarekstri heimila. Segja má að þar sé um að ræða reiknaðan hagnað af eigin leigu húsnæðis. Sá liður er hér skilgreindur sem „reiknuð húsaleiga” skv. tölum úr einkaneyslu þjóðhagsreikninga að frádregnum ýmsum rekstrargjöldum, s.s. fasteignagjöldum auk ýmissa áætlaðra viðhalds- og tryggingagjalda. Þetta mat er hins vegar ekki talið með skv. hreinni tekjutölfræði.

Í þriðja lagi er almennur söluhagnaður, sem var um 4,4 ma.kr 2005 skv. upplýsingum frá rikisskattstjóra, og hagnaður af sölu hlutabréfa (64,0 ma.kr árið 2005) metinn til eignatekna samkvæmt tekjutölfræðiaðferðinni. Þessir liðir eru hins vegar ekki taldir með í ráðstöfunartekjum eins og þær eru skilgreindar í þjóðhagsreikningum.<sup>2</sup> Hagnaður af þessu tagi á að færast á eignabreytingareikning (verðbreytingareikning) og síðan á efnahagsreikning. Þetta er samkvæmt skilgreiningunni á tekjuhugtakinu í þjóðhagsreikningum, en tekjur eru þar skilgreindar sem þær tekjur sem unnt er að ráðstafa án þess að gengið sé á efnahaginn. Er þá átt við efnahag í byrjun viðkomandi tímabils áður en hann tekur breytingum vegna fjármagnstílfærslna eða söluhagnaðar eða -taps (e.capital gain/losses).

Í fjórða lagi er um mismunandi aðferðafræði að ræða við mat á liðnum „óframtaldar tekjur“. Algengt er orðið á alþjóðavísu að lagt sé sérstakt mat á stærð þess liðar og hann talinn með til tekna í ráðstöfunartekjum heimila í þjóðhagsreikningum, en eðli málsins samkvæmt kemur hann ekki fram í hreinni tekjutölfræði.

### Tölur byggðar á skattframtölum einstaklinga

Þær tölur sem hér eru birtar eru að mestu byggðar á skattframtölum einstaklinga, en leitast er við að laga þær sem best að uppgjöri þjóðhagsreikninga þar sem við á. Má þar nefna að hagnaður af reiknaðri eigin leigu íbúðarhúsnæðis er hér tekjufærður þótt hann komi ekki fram í framtali. Þá hafa leigutekjur verið felldar út en þær eru að mestu leyti beinar tekjutilfærslur innan heimilageirans. Söluhagnaði er einnig sleppt í uppgjörinu. Ekki er lagt mat á óframtaldar tekjur heimila, nema að því marki sem þær koma fram á launamiðum einstaklinga sem ekki hafa skilað framtali.

<sup>2</sup> Samanber grein 8.15 í “Eurostat et.a.l. (1993). *System of National Accounts 1993*. Brussels/Luxembourg et.al., Eurostat et.a.l.”


## Heildartekjur heimilanna

Árlegur vöxtur heildartekna  
10%

Heildartekjur heimilanna eru skilgreindar sem brúttótekjur fyrir skatta og önnur tilfærslu- og eignautgjöld. Þær eru taldar hafa aukist um 183% yfir tímabilið 1994-2005, eða að meðaltali um 10% ár hvert.

### Mynd 1. Þróun heildartekna heimilanna

Figure 1. Household employee income



Eins og fram kemur á mynd 1 hér að ofan telst langstærsti hluti heildartekna heimilanna til launatekna, eða nokkuð stöðugt í kringum 72% af heildartekjum yfir tímabilið. Hlutfall tilfærslutekna er einnig nokkuð stöðugt og nemur um 13% af heildartekjum. Hins vegar hafa orðið talsverðar breytingar á hlutfalli rekstrarafgangs heimilanna í heildartekjum annars vegar og á hlutfalli eignatekna hins vegar. Rekstrarafgangurinn mælist um 15% af heildartekjum heimilanna árið 1994, en árið 2005 er hlutfallið um 10%. Eignatekjur hafa hins vegar aukist úr 1,3% í um 6% af heildartekjunum. Skýra má ástæðu þessarar þróunar að hluta til með beinum tilfærslum á milli þessara liða, en nánar er greint frá þessu í umfjöllun um rekstrarafgang heimilanna.

### Launatekjur

Laun eru áætluð út frá skattframtölum, en tafla 1 sýnir nánari sundurliðun á heildarlaunatekjum heimila fyrir árin 1999 til 2005. Tölur eru, að framlögum atvinnurekenda og nettólaunum frá útlöndum undanskildum, teknar úr skattgrunnskrám Hagstofunnar yfir tekjur einstaklinga.

**Tafla 1. Launatekjur heimilanna 1999–2005**

Table 1. Compensation of employees 1999–2005

Milljarðar króna á verðlagi hvers árs <i>Billion ISK at current prices</i>	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
<b>1. Heildarlaunatekjur</b>							
<i>Compensation of employees</i>	<b>352,5</b>	<b>392,7</b>	<b>442,3</b>	<b>476,7</b>	<b>501,7</b>	<b>544,9</b>	<b>612,6</b>
1.1. Launatekjur <i>Wages and salaries</i>	277,0	309,4	349,1	376,4	398,2	427,3	479,9
1.2. Ökutækjastyrkur <i>Mileage allowances</i>	4,2	4,8	5,3	5,6	5,8	5,9	6,4
1.2.1. Frádráttur á móti ökutækjastyrk <i>Subtraction on mileage allowances</i>	-2,6	-3,1	-3,4	-3,7	-3,8	-3,7	-4,0
1.3. Dagpeningar <i>Travel allowances</i>	4,2	4,9	5,4	5,4	5,5	6,1	6,4
1.3.1. Frádráttur v. dagpeninga <i>Subtraction on travel allowances</i>	-4,0	-4,6	-5,1	-5,1	-5,2	-5,8	-5,8
1.4. Aðrar tekjur ótaldar annars staðar <i>Other income n.e.c.</i>	1,3	1,9	2,2	2,6	3,1	3,7	3,6
1.5. Framteljendur m. áætlaðan tekjuskattsstofn <i>Individuals with estimated income</i>	21,5	23,4	24,3	24,9	20,2	29,7	30,3
1.6. Framlög atvinnurekenda <i>Employers' social insurance contributions</i>	46,4	51,1	59,1	65,7	71,8	76,5	92,3
1.7. Nettólaun frá útlöndum <i>Net income from abroad</i>	4,6	4,7	5,2	4,7	5,8	4,8	3,1
1.8. Náms- og rannsóknarstyrkir <i>Scholarships and research grants</i>	0,4	0,4	0,5	0,6	0,7	0,9	1,0
1.8.1. Náms- og rannsóknarstyrkir frádr. bætt <i>Subtraction on scholarsh. and research grants</i>	-0,3	-0,3	-0,3	-0,4	-0,5	-0,6	-0,6

Liðurinn „Aðrar tekjur ótaldar annars staðar“ nær yfir bótagreiðslur, styrki og vinninga, ásamt höfundarlaunum og öðrum tekjugreiðslum ótöldum annars staðar. Liðurinn „Framlög atvinnurekenda“ til launatekna heimila samanstendur af framlögum atvinnurekenda til lífeyrissjóða launþega annars vegar og almannatrygginga vegna launþega hins vegar. Framlög atvinnuveitenda til lífeyrissjóða eru iðgjöld til lífeyrissjóða og áætluð áfallin lífeyrisskuldbinding ársins auk annarra framlaga, svo sem til sjúkrasjóða, orlofsheimilásjóða, slysatrygginga og nokkurra annarra minni liða. Upplýsingar í liðnum „Nettólaun frá útlöndum“ eru fengnar úr tölum um greiðslujöfnuð við útlönd frá Seðlabanka Íslands.

Greiðslur til almannatrygginga vegna launþega og iðgjöld til lífeyrissjóða teljast samkvæmt uppgjöri þjóðhagsreikninga til tekna hér, þar sem þessir liðir eru hluti af launakostnaði fyrirtækja og fara sem slíkir frá fyrirtækjum í gegnum reikninga heimilageirans. Hins vegar fara þeir síðan óskiptir út aftur sem tilfærsluútgjöld, annars vegar til hins opinbera og hins vegar til lífeyrissjóða og hafa því ekki áhrif á ráðstöfunartekjur heimilanna.

Ef áætlaður tekjuskattsstofn hjá þeim framteljendum sem telja ekki fram, er borinn saman við tekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá sést að þær eru að jafnaði helmingi lægri. Leiða má líkur að því að raunverulegar tekjur hópsins sé fjárhæð sem liggur einhvers staðar á milli áætlaðra tekna og framtaldrá tekna. Um sinn verður notast við þá nálgun að áætla tekjur þessa hóps sem fjárhæð mitt á milli fyrrnefndra gilda. Sú stærð liggur á bilinu 70% til 75% af áætluðum tekjuskattsstofni yfir tímabilið. Í

framtíðinni er ætlunin að greina nánar þessar fjárhæðir með það að markmiði að áætla þær með meiri vissu.


## Rekstrarafgangur

27% raunaukning  
rekstrarafgangs á tímabilinu

Sá rekstrarafgangur sem færður er á heimilin samanstendur af reiknuðu endurgjaldi vegna eigin atvinnurekstrar ásamt hreinum tekjum af atvinnurekstri einstaklinga samkvæmt skattframtölum. Auk þessara tveggja liða telst hér rekstrarafgangur af fasteignarekstri samkvæmt framleiðsluuppgjöri. Inni í þeim tölum er tekjufærður reiknaður hagnaður af eigin leigu íbúðarhúsnæðis. Á árunum 1994 til 2005 hefur rekstrarafgangur heimilanna aukist um 82% eða um 27% að raungildi.

### Mynd 2. Þróun rekstrarafgangs heimilanna

Figure 2. Household operating surplus




Reiknuð laun af atvinnurekstri hafa skv. framtölum staðið í stað eða lækkað lítið eitt í krónum talið á undanförunum árum eins og sést á mynd 2. Þetta þýðir að þau hafa lækkað sem hluti af heildartekjum og að raungildi. Reiknuð laun vegna atvinnurekstrar hafa lækkað um 2% frá árinu 1994 til 2005 og hreinar tekjur af atvinnurekstri hafa staðið í stað að nafnvirði á sama tímabili. Hins vegar hefur mældur rekstrarafgangur af fasteignarekstri hækkað um rúm 160%, eða um 82% að raungildi.

Ástæða þessarar þróunar í reiknuðum launum og hreinum tekjum af atvinnurekstri er fyrst og fremst sú að yfir þetta tímabil hefur orðið mikil aukning í stofnun einkahlutafélaga um sjálfstæðan atvinnurekstur og tekjur af sjálfstæðum atvinnurekstri koma æ meira fram sem arðgreiðslur frá þeim félögum. Ótvírætt skattalegt hagræði er af stofnun einkahlutafélaga og hefur það ýtt undir þessa þróun. Þess má þó geta að tölur yfir hreinar tekjur af atvinnurekstri munu væntanlega breytast síðar með nánari vinnslu tekjuskjortingaruppgjörs, en þær eru nú teknar beint úr skattgrunnskrá.

Framteljendum með reiknuð  
laun/endurgjald fækkað  
verulega

Á mynd 3 sést hvernig fjöldi framteljenda með reiknuð laun/endurgjald vegna atvinnurekstrar hefur breyst yfir það tímabil sem hér er til skoðunar. Sá fjöldi náði hámarki árið 1996 en þá voru 27.382 einstaklingar sem töldu fram reiknað endurgjald vegna atvinnurekstrar. Á árinu 2005 var sá fjöldi kominn niður í 17.508 manns.

**Mynd 3. Fjöldi framteljenda með reiknað endurgjald vegna atvinnureksturs**  
*Figure 3. Number of self employed individuals*




### Eignatekjur

*Gríðarleg aukning eignatekna*

Eignatekjur heimila eru fyrst og fremst vextir og arður. Þetta er án efa sá liður heildartekna heimilanna sem mest vanhöld eru á ef tekið er mið af framtöldum tekjum, enda ekki skattskyldar nema að takmörkuðu leyti. Til vaxta flokkast allar vaxtagreiðslur af innstæðum og verðbréfum og til arðs útgreiddur arður af hlutafé. Nánari sundurliðun eignatekna kemur fram á mynd 4, en þar má sjá að eignatekjur heimilanna hafa aukist gríðarlega á síðustu árum.

**Mynd 4. Þróun eignatekna heimilanna**

*Figure 4. Household property income*




## Tilfærslutekjur

*Tilfærslutekjur jukust í takt við heildartekjur á tímabilinu*

Til tilfærslutekna teljast ýmsar bætur og áunnin réttindi greidd af ríki og sveitarfélögum ásamt bótagreiðslum tjónatrygginga. Upplýsingar eru fengnar úr skattframtölum að bótum tjónatrygginga undanskildum, en sá liður er áætlaður út frá upplýsingum um eignatjón og ökutækjatjón úr ársreikningum váttryggingafélaga. Á mynd 5 sést þróun tilfærslutekna til heimila á árunum 1994 til 2005. Þær tekjur hafa aukist um 188% eða í kringum 10% að meðaltali á ári, sem er u.þ.b. sami vöxtur og vöxtur heildartekna á tímabilinu.

### Mynd 5. Þróun tilfærslutekna heimilanna

*Figure 5. Household current transfers received*



Í töflu 2 kemur fram nánari sundurliðun á tilfærslutekjum heimilanna á árunum 1999 til 2005. Varðandi liðinn „Skattfrjálsar tekjur frá Tryggingastofnun” þá samanstendur hann af ýmsum liðum sem Tryggingastofnun hefur annað hvort beina eða óbeina milligöngu um. Stærsti liðurinn þar eru meðlagsgreiðslur, sem ekki ætti að teljast nema að hluta til með hér þar sem um er að ræða tilfærslur milli heimila. Í tölunum hefur verið tekið tillit til þess með því að draga frá þær greiðslur meðlagsskyldra foreldra sem standa í skilum, en af heildarmeðlagsgreiðslum sem Tryggingastofnun greiðir út eru að meðaltali um 30% þeirrar upphæðar greidd af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

**Tafla 2. Tilfærslutekjur heimilanna 1999–2005**

Table 2. Household current transfers received 1999–2005

Milljarðar króna á verðlagi hvers árs Billion ISK at current prices	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
<b>4. Tilfærslutekjur</b>							
<i>Current transfers received</i>	<b>61,2</b>	<b>70,2</b>	<b>76,9</b>	<b>85,7</b>	<b>94,5</b>	<b>101,9</b>	<b>108,8</b>
4.1. Greiðslur frá Tryggingastofnun (TR) <i>Social security benefits</i>	20,2	21,8	23,9	25,3	28,4	31,0	32,6
4.2. Skattfrjálsar greiðslur frá TR <i>Non-taxable benefits from the social security system</i>	2,3	2,4	2,9	3,4	4,0	3,8	4,0
4.3. Greiðslur úr lífeyrissjóðum <i>Payments from pension funds</i>	16,3	18,8	22,0	25,5	28,5	31,1	35,2
4.4. Atvinnuleysisbætur <i>Unemployment benefits</i>	1,4	1,0	1,2	2,3	3,4	3,5	2,5
4.5. Barnabótaauki <i>Child allowances</i>	3,6	4,4	4,5	5,0	5,1	5,0	6,0
4.6. Vaxtabætur <i>Interest reimbursements</i>	3,9	4,3	4,7	5,4	5,2	5,2	4,5
4.7. Húsaleigubætur <i>Rent reimbursements</i>	1,0	1,1	1,3	0,9	1,0	1,0	1,0
4.8. Aðrar skattfrjálsar tekjur <i>Other tax free income</i>	3,1	4,0	3,9	5,8	6,8	7,4	7,8
4.9. Bætur tjónatrygginga <i>Insurance claims</i>	9,4	12,3	12,5	12,1	12,1	13,7	15,3


**Eigna- og tilfærsluútgjöld heimilanna**

*Eigna- og tilfærsluútgjöld heimilanna hafa vaxið um 12% að meðaltali á ári*

Á móti þeim tekjum sem taldar hafa verið upp hér að ofan koma ýmis eigna- og tilfærsluútgjöld. Frá árinu 1994 til ársins 2005 hafa þessi útgjöld heimilanna aukist um 256% eða um 12% að meðaltali á ári. Eins og sjá má á mynd 6 eru tilfærsluútgjöld langstærsti hluti slíkra útgjalda, eða að meðaltali um 86% af heildinni á tímabilinu.

**Mynd 6. Þróun eigna- og tilfærsluútgjalda heimilanna**

Figure 6. Household current transfers paid and property expenditure






## Eignaútgjöld

Vaxtagjöld vegna íbúðakaupa að meðaltali 78% eignauktgjalda

Eignaútgjöld hafa aukist um 266% eða um 12,5% að meðaltali á ári. Vaxtagjöld vegna íbúðafjárfestingar eru stærsti liður eignauktgjalda heimilanna og mælast að meðaltali um 78% af heildar eignauktgjöldum. Eins og sjá má á mynd 6 hefur það hlutfall þó farið lækkandi yfir tímabilið og var um 73% af heildar eignauktgjöldum árið 2005 samanborið við 82% árið 1994. Aukning í vaxtagjöldum vegna íbúðakaupa er að meðaltali rúm 11% á ári yfir tímabilið en önnur vaxtagjöld hafa aukist um 17% á ári.

### Mynd 7. Þróun eignauktgjalda heimilanna

Figure 7. Household property expenditure



Liðurinn önnur vaxtagjöld á mynd 7 samanstendur af vaxtagjöldum annarra skulda en þeirra sem tengjast íbúðakaupum, svo sem vegna náms og ökutækjakaupa, en einnig teljast þar vaxtagjöld vegna kaupleiguíbúða.


## Tilfærsluútgjöld

255% aukning í tilfærsluútgjöldum á tímabilinu

Til tilfærsluútgjalda teljast, auk beinna skatta og tryggingagjalda einstaklinga, iðgjöld til lífeyrissjóða. Heildartilfærsluútgjöld hafa aukist um 255% á tímabilinu 1994 til 2005 eða að meðaltali um 12% á ári. Af þessum heildarútgjöldum er hlutfall skatta á tekjur og eignir í kringum 55%. Nánari sundurliðun tilfærsluútgjalda kemur fram á mynd 8.

### Mynd 8. Þróun tilfærsluútgjalda heimilanna

Figure 8. Household current transfers paid



Skattar á söluhagnað teljast hér með

Inni í liðnum „Skattar á tekjur og eignir“ eru, auk almennra tekju- og eignaskatta einstaklinga, taldir með skattar á söluhagnað heimila, bæði á almennan söluhagnað og hagnað á sölu hlutabréfa. Er það gert þó að þessi söluhagnaður sé ekki talinn með á tekjuhlíðinni. Er hérna fylgt alþjóðlegum stöðlum þjóðhagsreikninga.<sup>3</sup> Megin röksemdafærsla fyrir þessu er sú að söluhagnaður er að stærstum hluta færsla innan sama geira, auk þess sem söluhagnaður myndast ekki í þjóðhagsreikningum þar sem allar eignir eru færðar á markaðsvirði og í því felst m.a. að söluvirðið verður markaðsvirði. Hins vegar er skatturinn af þessum hagnaði hrein tilfærsla frá heimilum til hins opinbera.

### Ráðstöfunartekjur

Ráðstöfunartekjur heimilanna má sem fyrr segir skilgreina sem samtölu launatekna, eignatekna, tilfærslutekna og reiknaðs rekstrarafgangs en að frádregnum eigna- og tilfærsluútgjöldum.


Árshækkun ráðstöfunartekna á mann að meðaltali um 4,2%

Frá árinu 1994 til ársins 2005 hafa ráðstöfunartekjur heimila hér á landi vaxið um 149% eða að meðaltali um 9% á ári. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og aukningar mannfjölda er kaupmáttaraukning á mann 56% á tímabilinu og árshækkun ráðstöfunartekna á mann að meðaltali um 4,2%. Yfirlit um þessa þróun er að finna á mynd 9. Ráðstöfunartekjur á mann eru hér miðaðar við miðársmannfjöldann í heild á ári hverju, líkt og gert er við útreikninga vergrar landsframleiðslu á mann, en ekki einungis þann fjölda sem telur fram tekjur ár hvert.

<sup>3</sup> Sjá grein 8.52 í “Eurostat et al. (1993). *System of National Accounts 1993*. Brussels/Luxembourg et al., Eurostat et al.”

### Mynd 9. Þróun ráðstöfunartekna heimilanna og kaupmáttar á mann

Figure 9. Household disposable income and changes in purchasing power per capita



### Fjármögnun heimila vegna einkaneysluútgjalda

Heimilin geta notað ráðstöfunartekjur sínar á tvönnan hátt, til neyslu og í sparnað. Ef ráðstöfunartekjurnar samkvæmt þessu uppgjöri eru bornar saman við einkaneyslu heimilanna skv. ráðstöfunaruppgjöri frá árinu 1997 til 2005 sést að hreinn sparnaður hefur verið neikvæður öll árin. Þann neikvæða sparnað þurfa heimilin með einhverjum hætti að fjármagna.

Í töflu 3 er gerð tilraun til að greina fjármögnunarflæði heimilanna yfir umrætt tímabil. Við mat á fjármagnshreyfingum inn og út úr heimilagerðum er notast við stöðutölur úr reikningum lánakerfisins úr ársskýrslu Seðlabanka Íslands árið 2005 (töflu 16) og tekið tillit til verðbóta og gengisbreytinga þar sem við á. Útlána- og innlánaaukning óverðtryggðra lána er fundin sem mismunur stöðutalna í upphafi og lok árs. Stöðutölur verðtryggðra og gengistryggðra lána í upphafi og lok árs eru færðar til verðlags á miðju ári áður en mismunurinn er reiknaður. Þetta er gert til þess að eyða áhrifum verð- og gengisbreytinga við mat á útlánaaukningunni.

Eins sjá má í töflu 3 kemur fram óeðlilega mikil óskýrð fjármögnun fyrir árið 2003, eða -133 ma.kr. Sérstaklega eru þar tveir liðir sem skera sig úr í samanburði við nærliggjandi ár. Það eru liðirnir „8.1.1. Útlánaaukning til heimila” og „8.2.1. Innlánaaukning til heimila”. Líklegt má telja að meginástæðu fyrir þessum mikla mun megi rekja til þess að í september 2003 var tekin upp sjálfvirk lánaflökkun skv. ÍSAT95-staðli, sem hafði í för með sér breytingar á flokkun útlána á geira. Hér er reynt að leiðrétta þennan mismun fyrir árið 2003 til að ná fram réttari mynd af útlánaaukningu til heimila á milli ára með hliðsjón af rammagrein 1, í Peningamálum 2004/1 (bls. 37–38), og er rúmlega 33 ma.kr. bætt við útlánaaukningu heimilanna frá niðurstöðutölum Seðlabankans. Þrátt fyrir það er hér enn óeðlilega mikill munur í samanburði við önnur ár sem fram kemur í óskýrðri fjármögnun upp á -133 milljarða króna. Að því gefnu að þessir tveir liðir væru í takt við árið á undan og árið á eftir ætti óskýrð fjármögnun á árinu 2003 að lækka í u.þ.b. -54 ma.kr.

### **English summary**

Statistics Iceland publishes now for the first time figures on the disposable income of the household sector, for the years 1994 to 2005, following the national accounts definitions. The households total income rose by 183% over this period. The total property expenditure and the current transfers paid by households increased by 256%. The disposable income of households increased by 149%, or on average by 9% per year. The purchasing power of disposable income per capita has increased by 56% over this period, or on average by 4.2% per year.

Subtracting households final consumption expenditure from disposable income of the household sector shows households net saving. The net saving of households was negative every year during the period from 1997 to 2005. The financing of households' final consumption is shown in table 3.

**Tafla 3. Fjármögnun á einkaneysluútgjöldum heimilanna 1997–2005**Table 3. *Financing of households' final consumption 1997–2005*

Verðlag hvers árs í milljörðum króna <i>Current prices, in billion ISK</i>	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003 <sup>1</sup>	2004	2005
1. Ráðstöfunartekjur heimilageirans <i>Disposable income of the household sector</i>	254,8	281,1	307,5	345,5	369,2	391,4	416,5	459,1	512,9
2. Einkaneysla heimila, samtökum sleppt <i>Households' final consumption</i>	295,5	330,3	365,9	400,2	418,2	431,0	463,6	511,4	589,4
3. Hreinn sparnaður <i>Net saving</i>	-40,7	-49,2	-58,4	-54,7	-48,9	-39,6	-47,1	-52,3	-76,5
4. Afskrift íbúðarhúsnæðis og einstakl.rekstrar <i>Depreciation of dwellings and individual business activities</i>	18,0	19,4	22,7	25,6	27,5	28,4	31,4	31,9	29,8
5. Vergur sparnaður (5.= 3.+4.) <i>Gross savings</i>	-22,7	-29,8	-35,7	-29,1	-21,4	-11,2	-15,6	-20,4	-46,7
6. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði <i>Residential construction</i>	20,7	21,6	22,2	25,9	31,6	39,3	42,4	50,4	57,4
7. Fjárfesting í einstaklingsrekstri <i>Gross fixed capital formation in unincorporated enterprises</i>	9,0	7,6	11,2	9,6	9,1	6,2	6,8	7,8	9,1
8. Fjármögnunarbörf (8.=5.-6.-7.) <i>Net lending (+) / Net borrowing (-)</i>	-52,3	-59,0	-69,1	-64,5	-62,2	-56,6	-64,9	-78,6	-113,2
8.1 Aukning fjárskuldbindinga <i>Incurrence of liabilities</i>	43,7	65,5	78,5	104,5	76,7	98,2	48,9	115,1	231,4
8.1.1 Útlánaaukning til heimila <i>Net lending to households</i>	34,8	58,3	62,2	92,6	64,6	91,1	39,7	95,7	197,6
8.1.2 Hlutur heimilageira í útlánaaukn. til fyrirtækja <i>The share of unincorp. enterpr. in lending to ind.</i>	8,9	7,2	16,3	11,9	12,1	7,0	9,2	19,4	33,8
8.2 Aukning fjáreigna <i>Acquisition of financial assets</i>	24,7	39,3	41,9	35,0	27,6	35,6	117,3	74,9	85,6
8.2.1 Innlánaaukning heimila <i>Increase in households deposits</i>	6,8	13,8	16,8	18,1	19,2	35,9	57,2	28,8	53,7
8.2.2 Hlutur heimila í innlánaaukningu fyrirtækja <i>The share of unincorp. enterpr. in deposits of ind.</i>	0,6	0,6	1,3	0,8	1,1	1,0	1,2	1,1	1,5
8.2.3 Nettó kaup heimila á verðbréfum <i>Increase in securities</i>	9,3	20,7	20,6	10,9	8,0	0,1	59,4	48,4	22,5
8.2.4 Nettó kaup á hlutabréfum <i>Increase in shares</i>	8,0	4,1	3,2	5,2	-0,8	-1,4	-0,6	-3,5	7,9
<b>8.3 Óskýrð fjármögnun (8.3 = 8.+8.1-8.2)</b> <b><i>Discrepancy in financial balance</i></b>	<b>-33,3</b>	<b>-32,8</b>	<b>-32,5</b>	<b>5,0</b>	<b>-13,1</b>	<b>5,9</b>	<b>-133,4</b>	<b>-38,5</b>	<b>32,6</b>

<sup>1</sup>Tölur yfir inn- og útlánaaukningu heimila fyrir árið 2003 eru, vegna breytinga í aðferðafræði við flokkun þeirra lána á geira, ekki að fullu sambærilegar tölum fyrir hin árin. Það útskýrir að öllum líkindum að stærstu leyti þann óeðlilega mikla mun sem fram kemur í óskýrri fjármögnun árið 2003 í samanburði við önnur ár. *Due to methodological changes in 2003, the figures for net lending / net borrowing for 2003 are not totally comparable to the similar figures for other years. This is probably the main reason for the huge discrepancy in the financial balance in 2003.*

**Tafla 4. Ráðstöfunartekjur heimilageirans 1994–2005**  
 Table 4. Disposable income of the household sector 1994–2005

Milljarðar króna á verðlagi hvers árs, nema annað komi fram Current prices in billion ISK unless other is stated	1994	1995	1996	1997
<b>1. Heildarlaunatekjur</b>				
<i>Compensation of employees</i>	<b>215,3</b>	<b>226,2</b>	<b>250,3</b>	<b>273,2</b>
1.1. Launatekjur <i>Wages and salaries</i>	173,9	183,9	202,0	222,0
1.2. Ökutækjastyrkir <i>Mileage allowances</i>	3,4	3,4	3,6	3,7
1.2.1. Frádráttur á móti ökutækjastyrk <i>Subtraction on mileage allowances</i>	-2,0	-2,1	-2,1	-2,2
1.3. Dagpeningar <i>Travel allowances</i>	2,4	2,7	3,2	3,5
1.3.1. Frádráttur v. dagpeninga <i>Subtraction on travel allowances</i>	-2,2	-2,5	-3,0	-3,3
1.4. Aðrar tekjur ótaldar annars staðar <i>Other income n.e.c.</i>	3,5	1,9	1,8	2,0
1.5. Framteltjendur m. áætlaðan tekjuskattsstofn <i>Individuals with estimated income</i>	8,3	9,0	10,9	10,1
1.6. Framlög atvinnurekenda <i>Employers' social social insurance contributions</i>	25,5	27,0	30,1	33,7
1.7. Nettólaun frá útlöndum <i>Net wages from abroad</i>	2,5	2,9	3,9	3,7
1.8. Náms- og rannsóknarstyrkir <i>Scholarships and research grants</i>	–	–	–	–
1.8.1. Náms- og rannsóknarstyrkir frádráttarbærir <i>Subtraction on scholarships and research grants</i>	–	–	–	–
<b>2. Rekstrarafgangur</b>				
<i>Operating surplus</i>	<b>45,6</b>	<b>47,2</b>	<b>47,4</b>	<b>51,3</b>
2.1. Reiknuð laun v. atvinnureksturs <i>Calculated owners income</i>	15,7	15,6	16,1	16,3
2.2. Hreinar tekjur af einstaklingsrekstri <i>Operating surplus from unincorporated enterprises</i>	6,4	6,6	6,7	8,2
2.3. Rekstrarafgangur af leigu íbúðarhúsnæðis <i>Operating surplus from owners' occupied dwellings</i>	23,5	25,0	24,6	26,8
<b>3. Eignatekjur</b>				
<i>Property income</i>	<b>4,1</b>	<b>4,7</b>	<b>6,0</b>	<b>8,8</b>
3.1. Vextir af bankainnistæðum <i>Interest from bank deposits</i>	1,5	1,7	2,2	3,0
3.2. Vextir af eignaskattskyldum verðbréfum <i>Interest from securities, taxable to wealth tax</i>	1,1	1,2	1,3	1,0
3.3. Vextir af eignaskattsfrjálsum verðbréfum <i>Interest from securities, non-taxable to wealth tax</i>	0,6	0,6	1,1	0,4
3.4. Arður af hlutabréfum <i>Dividends</i>	0,8	1,2	1,4	4,3
3.5. Aðrir minni liðir <i>Other minor items</i>	0,0	0,0	0,0	0,0
<b>4. Tilfærslutekjur</b>				
<i>Current transfers received</i>	<b>37,8</b>	<b>43,1</b>	<b>45,0</b>	<b>49,7</b>
4.1. Greiðslur frá Tryggingastofnun (TR) <i>Social security benefits</i>	14,7	15,5	16,1	17,0
4.2. Skattfrjálsar greiðslur frá TR <i>Non-taxable benefits from the social security system</i>	1,3	1,4	1,7	1,6

1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
<b>315,6</b>	<b>352,5</b>	<b>392,7</b>	<b>442,3</b>	<b>476,7</b>	<b>501,7</b>	<b>544,9</b>	<b>612,6</b>
250,4	277,0	309,4	349,1	376,4	398,2	427,3	479,9
3,8	4,2	4,8	5,3	5,6	5,8	5,9	6,4
-2,3	-2,6	-3,1	-3,4	-3,7	-3,8	-3,7	-4,0
3,8	4,2	4,9	5,4	5,4	5,5	6,1	6,4
-3,6	-4,0	-4,6	-5,1	-5,1	-5,2	-5,8	-5,8
2,3	1,3	1,9	2,2	2,6	3,1	3,7	3,6
16,7	21,5	23,4	24,3	24,9	20,2	29,7	30,3
40,0	46,4	51,1	59,1	65,7	71,8	76,5	92,3
4,4	4,6	4,7	5,2	4,7	5,8	4,8	3,1
-	0,4	0,4	0,5	0,6	0,7	0,9	1,0
-	-0,3	-0,3	-0,3	-0,4	-0,5	-0,6	-0,6
<b>53,8</b>	<b>57,7</b>	<b>64,0</b>	<b>65,8</b>	<b>63,7</b>	<b>68,7</b>	<b>73,1</b>	<b>83,0</b>
16,0	16,4	17,4	18,0	15,6	15,7	15,2	15,3
9,3	10,0	10,2	8,9	6,0	5,7	5,8	6,4
28,6	31,3	36,3	38,8	42,1	47,3	52,1	61,3
<b>9,7</b>	<b>16,0</b>	<b>18,7</b>	<b>23,1</b>	<b>22,1</b>	<b>27,1</b>	<b>36,2</b>	<b>51,6</b>
3,2	5,5	7,3	10,9	8,3	7,6	8,9	11,4
1,4	2,2	2,4	2,6	2,9	4,0	6,5	-
0,9	1,7	1,6	2,0	2,3	2,9	4,3	13,1
4,1	6,4	7,3	7,2	8,1	11,6	14,7	25,5
0,0	0,1	0,2	0,5	0,6	1,0	1,7	1,5
<b>52,8</b>	<b>61,2</b>	<b>70,2</b>	<b>76,9</b>	<b>85,7</b>	<b>94,5</b>	<b>101,9</b>	<b>108,8</b>
18,6	20,2	21,8	23,9	25,3	28,4	31,0	32,6
2,0	2,3	2,4	2,9	3,4	4,0	3,8	4,0

Tafla 4. Ráðstöfunartekjur heimilageirans 1994–2005 (frh.)  
 Table 4. Disposable income of the household sector 1994–2005 (cont.)

Milljarðar króna á verðlagi hvers árs, nema annað komi fram <i>Current prices in billion ISK, unless other is stated</i>	1994	1995	1996	1997
4.3. Greiðslur úr lífeyrissjóðum <i>Payments from pension funds</i>	9,6	10,4	11,5	12,5
4.4. Atvinnuleysisbætur <i>Unemployment benefits</i>	0,0	2,6	2,6	2,4
4.5. Barnabótaauki <i>Child allowance</i>	2,0	2,1	1,9	4,1
4.6. Vaxtabætur <i>Interest reimbursements</i>	3,0	3,3	3,5	3,6
4.7. Húsaleigubætur <i>Rent reimbursements</i>	–	–	–	–
4.8. Aðrar skattfrjálsar tekjur <i>Other tax free income</i>	0,9	1,1	1,5	1,6
4.9. Bætur tjónatrygginga <i>Insurance claims</i>	6,3	6,6	6,4	6,9
<b>5. Heildartekjur samtals (5=1+2+3+4) <i>Total income</i></b>	<b>302,7</b>	<b>321,2</b>	<b>348,8</b>	<b>383,0</b>
<b>6. Eignaútgjöld <i>Property expenditure</i></b>	<b>13,9</b>	<b>14,6</b>	<b>16,0</b>	<b>17,4</b>
6.1. Vaxtagjöld v. íbúðakaupa <i>Interest expenditures on dwellings</i>	11,4	12,1	13,0	14,2
6.2. Önnur vaxtagjöld <i>Other interest paid</i>	2,5	2,5	3,0	3,2
<b>7. Tilfærsluútgjöld <i>Current transfers paid</i></b>	<b>82,5</b>	<b>87,8</b>	<b>99,2</b>	<b>110,9</b>
7.1. Skattar á tekjur og eignir <i>Taxes on income and wealth</i>	46,7	49,6	56,6	63,5
7.1.1. Þar af skattar á söluhagnað <i>Thereof: taxes on capital gains</i>	–	–	0,1	0,4
7.2. Tryggingagjald <i>Social security contributions</i>	10,8	11,7	13,7	14,3
7.3. Iðgjöld til lífeyrissjóða <i>Pension fund premium</i>	22,9	24,3	26,4	30,4
7.3.1. Þar af séreignarsparnaður <i>Thereof personally identified premiums</i>	–	–	–	4,7
7.4. Önnur tilfærsluútgjöld <i>Other current transfers paid</i>	2,1	2,2	2,5	2,7
<b>8. Heildarútgjöld samtals(8=6+7) <i>Total expenditure</i></b>	<b>96,4</b>	<b>102,4</b>	<b>115,1</b>	<b>128,3</b>
<b>9. Ráðstöfunartekjur (9=5-8) <i>Disposable income</i></b>	<b>206,3</b>	<b>218,8</b>	<b>233,6</b>	<b>254,8</b>
Breyting ráðstöfunartekna frá fyrra ári, hlutfallstölur <i>Relative change in disposable income, per cent</i>	•	6,1	6,8	9,1
<b>10. Ráðstöfunartekjur á mann, þús.kr. <i>Disposable income per capita, thousand ISK</i></b>	<b>775,4</b>	<b>818,2</b>	<b>868,7</b>	<b>940,4</b>
Breyting ráðstöfunartekna á mann, hlutfallstölur <i>Relative change in disposable income per capita</i>	•	5,5	6,2	8,3
<b>11. Kaupmáttur ráðst.tekna á mann, hlutfallstölur <i>Relative change in purchasing power of disposable, per cent</i></b>	<b>•</b>	<b>3,8</b>	<b>3,8</b>	<b>6,3</b>



1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
14,3	16,3	18,8	22,0	25,5	28,5	31,1	35,2
1,9	1,4	1,0	1,2	2,3	3,4	3,5	2,5
3,8	3,6	4,4	4,5	5,0	5,1	5,0	6,0
3,7	3,9	4,3	4,7	5,4	5,2	5,2	4,5
–	1,0	1,1	1,3	0,9	1,0	1,0	1,0
1,8	3,1	4,0	3,9	5,8	6,8	7,4	7,8
6,9	9,4	12,3	12,5	12,1	12,1	13,7	15,3
<b>431,9</b>	<b>487,4</b>	<b>545,5</b>	<b>608,0</b>	<b>648,2</b>	<b>691,9</b>	<b>756,0</b>	<b>856,0</b>
<b>18,9</b>	<b>21,9</b>	<b>26,4</b>	<b>31,0</b>	<b>35,3</b>	<b>37,9</b>	<b>45,0</b>	<b>50,3</b>
15,3	17,5	20,3	23,3	26,5	28,8	34,5	36,8
3,5	4,4	6,1	7,7	8,8	9,1	10,5	13,5
<b>132,0</b>	<b>157,9</b>	<b>173,5</b>	<b>207,8</b>	<b>221,5</b>	<b>237,4</b>	<b>252,0</b>	<b>292,8</b>
71,5	82,5	95,0	112,9	119,7	125,2	138,6	159,1
0,4	0,8	1,3	1,7	2,2	3,5	3,8	6,8
16,5	18,3	20,0	22,3	23,9	26,9	28,4	32,8
40,9	53,6	54,6	68,3	73,3	80,4	79,8	95,0
10,2	16,0	12,8	19,6	16,2	21,5	16,3	17,9
3,1	3,4	3,8	4,3	4,6	4,9	5,3	5,9
<b>150,9</b>	<b>179,8</b>	<b>200,0</b>	<b>238,8</b>	<b>256,8</b>	<b>275,4</b>	<b>296,9</b>	<b>343,1</b>
<b>281,1</b>	<b>307,5</b>	<b>345,5</b>	<b>369,2</b>	<b>391,4</b>	<b>416,5</b>	<b>459,1</b>	<b>512,9</b>
10,3	9,4	12,3	6,9	6,0	6,4	10,2	11,7
<b>1.026,5</b>	<b>1.109,5</b>	<b>1.228,9</b>	<b>1.295,4</b>	<b>1.361,1</b>	<b>1.440,0</b>	<b>1.569,0</b>	<b>1.733,6</b>
9,2	8,1	10,8	5,4	5,1	5,8	9,0	10,5
<b>7,3</b>	<b>4,5</b>	<b>5,5</b>	<b>-1,2</b>	<b>0,3</b>	<b>3,6</b>	<b>5,6</b>	<b>6,2</b>





**Hagtiðindi** **Þjóðhagsreikningar**  
**Statistical Series** **National Accounts**

92. árgangur nr. 30 2007:5

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 800 *Price EUR 11*

Umsjón *Supervision* Guðmundur Sigfinnsson • Gudmundur.Sigfinnsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)